Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-12-17 09:56:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-12-17 14:17:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-01-18 13:04:48 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 8. október 2025 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig áheyrnarfulltrúinn Jóhannes Á. Jóhannesson auk starfsmanna innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson í gegnum fjarfundabúnað Teams og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Ársreikningar 2024
- Dagskrá fundar 8. október
- Drög að 430. fundargerð EFS 27.8.2025
- Drög að 431. fundargerð EFS 11.9.2025
- Greining ársreikninga sveitarfélaga 2024

1. Samþykkt fundagerðar

Samþykkt fundargerða 430 frá 27.8.2025 431 frá 11.9.2025 var frestað þar til á næsta fundi.

2. Frumvarp í samráðsgátt um breytingar á sveitarstjórnarlögum

Í samráðsgátt hefur frumvarp að endurskoðun sveitarstjórnarlaga verið birt. Þar kennir ýmissa grasa, ekki síst hvað fjármálakaflann varðar. Nefndarmenn fóru yfir breytingar á fjármálakaflanum og telur nefndin að varhugavert sé að félagaform hafi áhrif á það hvar starfsemi sveitarfélaga sé flokkuð. Rætt var um það hvort EFS myndi senda umsögn um frumvarpið til ráðuneytisins.

3. Yfirferð ársreikninga 2024

Farið var yfir ársreikninga sveitarfélaga vegna ársins 2024. Starfsmaður nefndarinnar hafði útbúið yfirlitsskjal með þeim kennitölum sem nefndin horfir til, hvort heldur sem um ræðir lagaleg viðmið í 64. gr. sveitarstjórnarlaga eða þau fjárhagslegu viðmið sem nefndin hefur sett sér og eru ekki lögbundin sbr. 15. gr. reglugerðar 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Á 430. fundi nefndarinnar var ákveðið að undanskilja sveiflukennda liði frá framlegðarhlutfalli til þess að endurspegla betur grunnrekstur sveitarfélaga. Hér er einkum um að ræða byggingarrétt, söluhagnað/tap eigna og breytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Þá var rætt um jafnvægisregluna og viðmiðunartíma hennar. Í sveitarstjórnarlögum og reglugerð 502/2012 kemur fram að uppfylla þurfi skilyrði jafnvægisreglu á hverju þriggja ára tímabili. EFS telur jafnvægisregluna m.a. vera ákvörðunarreglu sem nýtist við gerð fjárhagsáætlunar. Telur nefndin því rétt að miða ávallt við eitt ár aftur í tímann, viðmiðunarárið og eitt ár fram í tímann.

Að umræðum lokum var ákveðið að senda bréf til þeirra sveitarfélaga sem uppfylla ekki meirihluta þeirra viðmiða sem nefndin horfir til, hvort heldur sem er fyrir A-hluta eða A- og B-hluta. Þá var ákveðið að senda ekki bréf til Grindavíkurbæjar. Sveitarfélagið hefur verið undir nánu eftirliti nefndarinnar og telja nefndarmenn að stjórnendur sveitarfélagsins séu vel meðvitaðir um fjárhagslega erfiðleika þess. Það var því talið ekki þjóna tilgangi sínum að senda sveitarfélaginu bréf.

Alls fá sjö sveitarfélög sent bréf vegna yfirferðar nefndarinnar en af þeim eru 2 sveitarfélög sem hefðu ekki uppfyllt viðmið jafnvægisreglu væri það virkt. Öll sveitarfélög hefðu uppfyllt skilyrði skuldareglu.

Að lokum var ákveðið að nefndin sendi sérstakt bréf til Vopnafjarðarhrepps. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum stenst sveitarfélagið bæði lögbundnu viðmiðin þ.e. skuldareglu og jafnvægisreglu. Ef litið er til A-hluta gætir hins vegar verulegra veiklega. A-hlutinn hefur verið rekinn með viðvarandi halla síðust ár og bæði framlegð og veltufé frá rekstri hafa verið neikvæð. Þá eru skammtímaskuldir A-hluta við eigin fyrirtæki orðnar meira en 100% af tekjum A-hluta. Ákvað nefndin af þessum sökum að kalla eftir útkomuspá Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2025 ásamt upplýsingum um það til hvaða aðgerða sveitarstjórn ætlar að grípa við gerð fjárhagsáætlunar til þess að stemma stigu við þann viðvarandi halla sem hefur verið á rekstri A-hluta og skuldasöfnun A-hluta gagnvart eigin fyrirtækjum.

4. önnur mál

Ákveðið var að nefndin fari yfir starfsáætlun sína á næsta fundi.

Fundi slitið klukkan 11:22. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.